

Sp.

592. Svar

[250. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Stefáns Benediktssonar um Ferðaskrifstofu ríkisins.

1. Eignir Ferðaskrifstofu ríkisins.

Ferðaskrifstofa ríkisins á engar fasteignir.

Hlutir ferðaskrifstofunnar í félögum eru:

Kynnisferðir ferðaskrifstofanna sf.	956 260 kr.
Gestur hf. (félag um rekstur Hótels Flókalundar)	15 000 kr.
Árey hf. (félag um rekstur Hótels Hvolsvallar)	525 000 kr.

2. Leigðar fasteignir 1985.

Húseignir eftirtalinnna skóla voru leigðar í 3 mánuði:

Menntaskólans á Laugarvatni,
Húsmæðraskólans á Laugarvatni,
Héraðsskólans að Skógum,
Kirkjubæjarskóla,
Nesjaskóla,
Grunnskólans Hallormsstað,
Alþýðuskólans á Eiðum,
Stórutjarnaskóla,
Hrafnagilsskóla,
Heimavist Menntaskólans á Akureyri,
Húnavallaskóla,
Laugabakkaskóla,
Héraðsskólans að Reykjum,
Héraðsskólans í Reykholti,
Laugaskóla, Dalasýslu.

Húseignir Bæjar hf. á Kirkjubæjarklaustri.
Gamli-Garður, auk mótuneytis vegna hótélrekstrar.
Skrifstofuhúsnæði, Skógarhlíð 6, Reykjavík.
Geymsluhúsnæði, Hafnarbraut 2, Kópavogi.
Geymsluhúsnæði við Auðbrekku, Kópavogi, (hefur verið sagt upp).

3. Eigendur leigðra fasteigna 1985.

Skólarnir eru í eigu ríkis og sveitarfélaga.
Bær hf., Kirkjubæjarklaustri, er hlutafélag heimamanna.
Skógarhlíð 6 er í eigu Sölufélags garðyrkjumanna.
Hafnarbraut 2 er í eigu Jónínu Stefánsdóttur.
Auðbrekka 10 er í eigu Birgis Frímannssonar.

4. Leigukjör.

Húsaleiga til skólanna er á bilinu 7,5%–10% af heildarsölu Edduhótelanna. Auk þess er greidd ákveðin upphæð í viðhaldskostnað.

Bær hf. fær ákveðinn hundraðshluta af sölu í húsakynnum þeirra.
Skrifstofuhúsnæði og geymsluhúsnæði er leigt á ákveðnu verði á fermetra.

5. Leigusamningar.

Leigusamningar við skólana eru til tveggja ára en uppsegjanlegir með árs fyrirvara. Framlengjast óbreyttir sé þeim ekki sagt upp.

6. Heildarleigugreiðslur.

Heildarhúsaleigugreiðslur Ferðaskrifstofu ríkisins á árinu 1985 voru 11 400 000 kr., þar af vegna hótélrekstrar 10 500 000 kr.

Samningsbundnar greiðslur til viðhalds í skólum voru 1 865 000 kr.

Auk þessa aðstoðaði Ferðaskrifstofa ríkisins við rekstur eftirtaldrá hótela á árinu 1985:
Hótels Borgarness,
Hótels Ísafjarðar,
Hótels Flókalundar.